
Morgunblaðið

MENNING
LISTIR

PRENTSMIÐJA MORGUNBLAÐSINS LAUGARDAGUR 20. JÚNÍ 1992 BLAÐ B

Miró.
Á KJARVALSSTÖÐUM





Sýning Listahátíðar á skúlptúrum, teikningum og málverkum spænska listamannsins Joan Míró (1893-1983) á Kjarvalsstöðum hefur verið mjög vel sótt, og búast forsvarsmenn Kjarvalsstaða við að hún muni slá fyrra aðsóknarmet, en það var sett á sýningu Errós fyrir nokkrum árum. Verkin á sýningunni koma öll frá Maeght safninu í Saint-Paul í Suður Frakklandi, þau eru gerð á árunum 1960-1977 og vann Míró mörg þeirra sérstaklega með skúlptúrgarð safnsins í huga. Þá var listamaðurinn kominn á efri ár og orðinn viðurkenndur og þekktur fyrir listsköpun sína. Hann fluttist ungur til Parísar, komst þá í kynni við súrrealistana og varð nátengdur þeim hópi – þó svo að hann færi ætíð sínar eigin persónulegu leiðir. Verk hans eru ætíð leidd áfram af frjóu hugmyndaflugi og aldrei er langt í gamsemina og leikinn.

